



Áð loknum leik Hér fara ungir leikmenn Keflavíkur og FH yfir frammistöðuna í lok leiks þeirra á Arion banka mótinu í Víkinni í gær. Mótið stóð um helgina og búist var við um 2.400 þátttakendum í yfir 400 liðum. Mótið er fyrir 7. og 8. flokk stúlkna og drengja og það stærsta þar sem bæði kynin spila á sama tíma. Mótið var nú haldið í sjöunda sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hrottar sagðir í þjónustu lögmanna

Lögmaður segir staðreynd að litill hópur lögmanna beiti misindismönnum fyrir sig. Á lögmansstofu hans hafi starfsfólki verið hótað.

LÖGREGLUMÁL Litill hópur lögmanna er sagður beita fyrir sig misindismönnum eða svokölluðum handrukkrum til að hafa áhrif á framgang mála. Þeir séu sendir á starfsstöðvar með bein eða óbein skilaboð til starfsmanna. Til dæmis sé notast við slíka menn til að inn-

heimta kröfur eða til að þvinga lögmenn til að láta mál niður falla.

„Þetta er meinsemd sem þarf að ræða en hefur ekki farið hátt,“ segir Sævar Jónsson lögmaður. Á lögmansstofu hans kom slíkt atvik upp fyrir á þessu ári. Þá var starfsfólk stofunnar beitt þrýstingi um að

halda ekki áfram með tiltekið mál. Sævar segir að það verði að vekja athygli á slíkum málum í þjóðfélaginu. Þetta sé á vitorði margra innan stéttarinnar og hafi fengið að viðgangast alltof lengi. Mikilvægt sé að allt slíkt ofbeldi sé kært til lögreglu eða lögmannafélagsins.

●● Þessir lögmenn hafa leiðst inn á þá braut að nýta sér ógnanir misindismanna.

Sævar Jónsson, lögmaður

Eitt mál er á borð úrskurðarnefndar lögmanna þar sem kvartað er yfir því að lögmaður hafi falið ólöglærðum að innheimta reikninga. Reimar Pétursson, formaður Lögmannafélagsins, segir hljóta að koma til álita að svipta menn réttindum verði svo alvarleg brot sönnuð. – ngy / sjá síðu 4

Tónlistarhátíð tengir Ísland og Pólland saman

LÍFIÐ Tónlistarhátíðin New Neighbourhoods Festival fer fram hér á landi um næstu helgi og tveimur vikum síðar í Varsjá í Póllandi. Hátíðinni er ætlað að tengja saman íslenskan og pólskan markað enda ku vera nokkur

eftirspurn eftir íslenski tónlist í Póllandi. Pan Thorarensen, einn skipuleggjenda hátíðarinnar hér heima, segir viðburðinn verða með stærra sniði í Póllandi. Meðal annars verði sérstök kynning á listafólkinu. – sph / sjá síðu 22

Vetraráætlun tók gildi í gær

SAMGÖNGUR Vetraráætlun Strætó tók gildi á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum í gær. Annars staðar tekur vetraráætlun ekki gildi fyrir en í lok ágúst og í byrjun september.

Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó, segir nokkrar breytingar hafa verið gerðar á nokkrum leiðum. Stærsta breytingin sé á leið 1. „Nú fer hann á tíu mínútna fresti á annatíma. Þetta er breyting um fimm mínútur því hann hefur verið á 15 mínútna tíðni. Þetta er tilraunaverkefni til að sjá hvernig farþegar bregðast við,“ segir Jóhannes en leið 1 fer af Völlunum í Hafnarfirði og endar á Hlemmi.

Á Norðurlandi og á Norðausturlandi tekur vetraráætlun gildi þann 28. ágúst næstkomandi. Þá tekur hún gildi þann 11. september á Vestur- og Suðurlandi. – ngy

Fréttablaðið í dag

TÍMAMÓT Boðað er til fríðsamlegs samstöðufundar með flóttafólki og hælisleitendum á Austurvelli í dag. **16**

FRÉTTIR Sjúklingar eru ferjaðir á milli Fossvogs og Hringbrautar. **6**

FRÉTTIR Hákarlar geta orðið allt að 500 ára gamlir. **8**

SKOÐUN Katrín Jakobsdóttir um komandi kosningar. **10**

SPORT Sundkonur kórónuðu ótrúlegt ár í Ríó. **14**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ
● FÓLK ● FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Pinex® Smelt

Munndreifitöflur
250 mg



Actavis

MINNA MÁL
MEÐ SAGA PRO



SAGA MEDICA
www.sagamedica.is

Veður



Stíf suðaustanátt í dag, lítilsháttar rigning norðaustanlands, en talsverð rigning annars staðar, einkum suðaustan til á landinu. Hiti 11 til 20 stig, hlýjast á Norðausturlandi. **SJÁ SÍÐU 18**

Þykjast vera heyrnarlausir og svíkja út fé

LÖGREGLUMÁL „Það virðist sem þeir einblíni á eldra fólk og séu þannig að nýta sér göðvild þess,“ segir Bjarney Annelsdóttir, aðalvarðstjóri hjá Lögreglunni á Suðurnesjum, en undanfarna daga hafa erlendir menn bankað upp á hjá fólki og boðið ýmsa þjónustu gegn gjaldi. Lögreglan á Suðurnesjum vill vara almenning við mönnum en Bjarney nefnir dæmi um að þeir bjóðist til að mála húsbók eða laga innkeyrslur. „Það er ýmislegt fleira í þessum dúr sem þeir bjóða upp á en það er ekki eðlilegt að menn séu að banka upp á hjá fólki og bjóða slíka þjónustu.“

Bjarney segir mikilvægt að afþakka þessa þjónustu. „Við höfum ekki neitt en erum að leita að þessum mönnum,“ segir hún. Enginn hefur þegið þjónustu manna svo lögregla viti af.

Þá eru menn sem gengu um Reykjanesbæ síðastliðinn föstudag grunaðir um tilraun til fjársvika með því að reyna blekkja fólk. Þeir sögðust vera að safna fyrir heyrnarlausu og þóttust vera heyrnarlausir sjálfir.

„Þeir létu gangandi vegfarendur lesa á blað sem á stóð að þeir væru að safna fyrir heyrnarlausu. Okkur grunar að þeir séu ekki heyrnarlausir,“ segir Bjarney og bætir við að ekki sé útilokað að mennirnir séu þeir sömu og fari í hús og bjóði fólki þjónustu gegn gjaldi. „Þeir virðast vera í gulum vestum samkvæmt tilkynningunum sem við fáum. Það féllst engin á að styrkja mennina svo við vitum en fólk verður að vera vart um sig.“ – **ngy**

● ● **Þeir létu gangandi vegfarendur lesa á blað sem á stóð að þeir væru að safna fyrir heyrnarlausu.**

Bjarney Annelsdóttir, aðalvarðstjóri lögreglunnar á Suðurnesjum

Fjör á Breiðholtsfestivali



„Hátiðin tókst vel og okkur finnst hún hafa lífgað upp á stemninguna og orðið til þess að nágrennar hafi kynnst betur,“ segir Sigríður Sunna Reynisdóttir, einn skipuleggjenda Breiðholtsfestivals sem haldið var um helgina. Fjöl margir viðburðir voru á hátiðinni og í ár var matarmarkaður sem endurspeglar menningarlega fjölbreytni íbúa hverfisins, meðal annars frá Dóminíska lýðveldinu, Filippseyjum, Tailandi og Nepal. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**

Settur í myglað hótélherbergi

FERDAPJÓNUSTA „Þetta er eitt af þessum slysum og hann hefur verið settur í herbergið fyrir mistök,“ segir Óskar Finnsson, framkvæmdastjóri rekstrarviðs Íslandshótelna, en um helgina var rútubílstjóri settur í herbergi með myglu á Fosshótelu á Húsavík. Þetta segir bílstjórinn sjálfur sem kaus að koma ekki fram undir nafni.

Að sögn Óskars hefur umrætt herbergi lítið sem ekkert verið notað síðustu mánuði. Á döfinni sé að gera það upp en illa hafi gengið að fá iðnaðarmenn í júlí. Iðnaðarmenn sem unnu á hótelinu hafi gist í herberginu í vetur.

„Þetta herbergi er langversta herbergið á hótelinu og á ekki að vera í notkun. Okkur þykir það miður að hann hafi fengið þetta herbergi. Þetta hafa verið mistök.“

Óskar ætlar að hafa samband við bílstjórann í dag og biðja hann afsökunar. – **ngy**

Vilja malbikshrauka í Kapelluhrauni í burtu

Skipulags- og byggingarráð leggur til við Hafnarfjarðarbæ að kæra fyrirtæki fyrir geymslu á malbiksúrgangi. Fyrirtækið hafi ekki haft leyfi til söfnunar úrgangsins. Framkvæmdastjórinn segir efnið jafn eitrad og það sem liggur á götunum.

HAFNARFJÖRÐUR Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar hefur bannað geymslusvæði í Kapelluhrauni í bæjarlandinu að taka á móti malbiksúrgangi. Telja bæjaryfirvöld geymslusvæðið ekki hafa leyfi til að taka á móti þessum úrgangi. Framkvæmdastjóri geymslusvæðisins telur sig hins vegar hafa haft leyfi bæjarverkfræðings.

Geymslusvæði ehf. er með 35 hektara svæði í Kapelluhrauni sem hefur verið skipulagt undir iðnaðarsvæði. Þar tók fyrirtækið á móti miklu magni malbiks sem á endurnýta á götur borgarinnar. „Þetta er nokkuð mikið af efni sem kemur af götum borgarinnar og á að endurnýta í malbik,“ segir Ástvaldur Óskarsson, framkvæmdastjóri Geymslusvæðis.

„Við töldum okkur vera með samkomulag við bæjarverkfræðing, það var munnlegt. Ég hafði allavega þann skilning á málinu að þetta væri í lagi. Hér er ekki um rusl að ræða heldur endurnýtanlegt efni,“ segir Ástvaldur. „Ef þetta er svona eitrad efni þá eru allar götur borgarinnar baneitradar, það er bara þannig.“

Ólafur Ingi Tómasson, formaður skipulags- og byggingarráðs, segir fyrirtækið hafa óskað eftir leyfi til þess að taka við þessum efnunum á fyrri hluta síðasta árs en ekki fengið. Síðan hafi komið í ljós fyrir stuttu að fyrirtækið hefði hafið efnissöfnun. Því hafi ekki verið annað hægt að gera en að stöðva framkvæmdir.

Skipulags- og byggingarráð beindi því svo til bæjaryfirvalda að efnismóttakan yrði kærð til lögreglu og Umhverfisstofnunar.



Söfnunin hefur staðið yfir lengi og mikið magn er komið á svæðið.

MYND/HAFNARFJARÐARBÆR

● ● **Við teljum þetta alvarlegt mál. Þarna rennur mikið vatn og við þurfum að geta að okkur þegar svona miklu efni er safnað saman.**

Ólafur Ingi Tómasson, formaður skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar



„Já, við teljum þetta alvarlegt mál. Þarna rennur mikið vatn og við þurfum að geta að okkur þegar svona miklu efni er safnað saman,“ segir Ólafur Ingi. „Þetta verður síðan tekið fyrir á næsta fundi bæjarráðs.“

Ástvaldur vonar að hægt verði að ná sátt í málinu áður en til dómstóla kemur. En það sé þá undir bæjaryfirvöldum komið. „Auðvitað er æskilegra að við náum sátt, en það fer þá eftir lipurð málsaðila og þá aðallega bæjaryfirvalda. Við munum ræða við bæjarverkfræðing og fara yfir stöðuna,“ segir Ástvaldur. **sveinn@frettabladid.is**

ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ

almennaleigufelagid.is

Langtíma leigusamningur

Sveigjanleiki

24/7 þjónusta

Verulega myndarlegur



**#audiA1stakur á einstöku
verði frá 3.490.000 kr.**

Þú getur hannað þinn eigin Audi A1 eftir þínum óskum. Gefðu honum sportlegt yfirbragð eða undirstrikaðu hönnunina. Veldu ólík stílbrigði. Þú ræður. Hvað sem þú velur mun hver þessara kosta gera aksturinn í Audi A1 að einstakri upplifun.

5 ára
ábyrgð



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 / www.Audi.is

Nýjar bjöllutegundir fundust í árvissum leiðangri vísindamanna

DÝRALÍF Ný smádyr fundust í árvissum leiðangri vísindamanna út í Surtsey, að því er fram kemur á vef Náttúrufræðistofnunar. Þá kom í ljós að háplöntum hafði fækkað í eyjunni. Leiðangurinn stóð 18. til 22. júlí síðastliðinn.

Í leiðangrinum var reglubundnum verkum í eyjunni sinnt en eitt markmið hans var að fjarlægja ýmsa aðskotahluti sem rekið hafði á fjörur eyjunnar og restar byggingarefnis frá því að hús Surtseyjarfélagsins, Pálsbær, var lagfært síðastliðið haust.

Surtsey er syðsta eyjan í Vestmannaeyjaklasanum og myndaðist í neðansjávareldgosi sem fyrst varð

vart 14. nóvember 1963. Gosið stóð til 5. júní 1967. Surtsey er á heimsminjaskrá UNESCO og er friðlýst frá árinu 1965.

Sagt er frá leiðangrinum á vefsíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Ekki viðraði vel til athugana á smádyrum sem bitnaði á árangri söfnunar. Þó uppgötvuðust fjórar nýjar bjöllutegundir sem ekki hafa fundist á eyjunni áður. Bjöllurnar voru fjallasmiður, steinvarta og tvær tegundir jötunuxa sem þó þarf að staðfesta betur. Báðar tegundirnar eru þó fágætar og önnur ný fyrir Ísland ef rétt reynist.

Varp máfa var með allbesta móti.

Varppörum hafði fjölgað og afkoma unga var betri. Sílamáfurinn hefur flúið svartbakinn sem styrkst hefur mjög en allt að þrjátíu þör hafa orpið á tanga eyjunnar en að jafnaði hafa þau verið þrjú talsins.

Einnig er sagt frá því að háplöntutegundum hafi fækkað um fjórar frá síðasta ári. Alls fannst 61 tegund háplantna en frá upphafi hafa alls fundist 73 tegundir á eyjunni. Tegundir sem ekki sáust í ár voru gleym-mér-ei, beringspundur, maríustakkur, lækjagrýta og heidardúnurt. Veðurofsi virðist hafa verið töluverður síðasta vetur og voru ummerki hans augljós á nokkrum stöðum. – gló



Tvær tegundir jötunuxa eru meðal nýrra smádyra í Surtsey. MYND/ERLING ÓLAFSSON

Sóttu örmagna konur í þoku

HRAKFAIR Björgunarsveitir á Suðurlandi voru kallaðar út laust fyrir hádegi í gær til að sækja tvær göngukonur sem voru villtar og örmagna á Fimmvörðuhálsi. Slæmt veður var á svæðinu, rigning, þoka og lítið sem ekkert skyggni, að sögn björgunarsveitarmanna.

Konunum hafði tekist að koma upp göngutjaldi þar sem þær höfðu stöðvað við þar til þeim var bjargað. Notað var kerfið Rescue me, sem gaf upp nákvæma staðsetningu þeirra.

Á leið sinni rákust björgunarsveitarmenn á tvær aðrar göngukonur sem höfðu villst af leið í þokunni og voru þær einnig aðstoðaðar til byggða.

Björgunarsveitir á Vesturlandi voru einnig kallaðar út eftir hádegi í gær til aðstoðar ferðamanni. Hann var ófær um gang eftir að hafa slasast á fæti við fossinn Glym í Hvalfirði. – kbg

» Fjórum göngukonum var komið til aðstoðar á Fimmvörðuhálsi í gær og einum ferðamanni við Glym.

Líkamsárás og rán í Reykjavík

LÖGREGLUMÁL Tilkynnt var um líkamsárás og rán við Klapparstíg aðfaranótt sunnudags. Árásarmaðurinn var handtekinn og vistaður í fangageymslu, að því er segir í tilkynningu frá lögreglu.

Þá var maður í annarlegu ástandi handtekinn síðdegis á laugardag á heimili í austurbæ Reykjavíkur. Hann er grunaður um vopnalagabrot, þjófnað og vörslu fíkniefna.

Um klukkan ellefu á laugardagskvöld var svo tilkynnt um ungan mann í annarlegu ástandi við fjölbýlishús í Breiðholti. Lögreglan fann ætluð fíkniefni á manninum, sem var handtekinn. – ngy

Misindismenn sagðir innheimta kröfur fyrir lögmenn

Lögmaður segir lítinn hóp innan stéttarinnar beita misindismönnum til að hafa áhrif á framgang mála. Úrskurðarnefnd lögmanna hefur mál til meðferðar þar sem lögmaður fól ólöglerðum að innheimta reikninga.

LÖGREGLUMÁL „Þetta er meinsemd sem þarf að ræða en hefur ekki farið hátt,“ segir Sævar Jónsson, lögmaður og eigandi lögmansstofu, en hann segir staðreynd að innan lögmansstéttarinnar þrífist lítill hópur lögmanna sem beiti fyrir sig misindismönnum eða svokölluðum handrúkkurum til að hafa áhrif á framgang mála. „Þessir lögmenn hafa leiðst inn á þá braut að nýta sér ógnanir misindismanna og beita einstaklinga hótunum um líkamlegt ofbeldi eða skemmdarverk geri þeir ekki eins og þeim er sagt.“

Á lögmansstofu Sævars kom slíkt atvik upp fyrr á þessu ári en þá komu menn á vegum lögmanna sem beittu sér gegn starfsfólki stofunnar í þeim tilgangi að fá starfsmenn ofan af því að halda áfram með tiltekið mál. Starfsmönnum var ógnað með óbeinum skilaboðum.

„Þannig koma þeir á starfsstöðvar með bein eða óbein skilaboð til starfsmanna. Þeir eru til dæmis notaðir til að innheimta kröfur eða til að þvinga það fram að lögmenn hætti með mál en þá hafa þeir sem senda misindismennina hagsmunir af málinu sem lögmenn.“

Sævar segir að það verði að vekja athygli á slíkum málum og vill meina að slíkt sé á vitorði margra innan stéttarinnar. „Þetta má ekki viðgangast, sérstaklega þegar lögmenn beita sér í slíkum málum gegn kollegum sínum,“ segir Sævar og bætir við að lögmenn eigi að vera málsvarar réttlætis og eigi að efla rétt og hindra órétt.

Sævar segir mikilvægt að allt slíkt



Lögmaður segir það vera á vitorði margra í stéttinni að notaðir séu misindismenn til dæmis í þeim tilgangi að innheimta kröfur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

» Þessir lögmenn hafa leiðst inn á þá braut að nýta sér ógnanir misindismanna og beita einstaklinga hótunum um líkamlegt ofbeldi eða skemmdarverk geri þeir ekki eins og þeim er sagt.

Sævar Jónsson, lögmaður



ofbeldi sé kært til lögreglu eða vísað til lögmannafélagsins. „Reglan hjá okkur er sú að taka mjög hart á þessu og tilkynna öll slík brot.“

Samkvæmt upplýsingum frá úrskurðarnefnd lögmanna er eitt mál á borði nefndarinnar þar sem kvartað er yfir því að lögmaður hafi falið ólöglerðum manni að innheimta reikninga.

„Ef rétt reynist og lögmenn eru að beita misindismönnum til að setja fram hótanir í því skyni að ná fram markmiðum er það grafalvarlegt mál. Valdið til að kveða á um það hvað sé sannað í málunum er hjá úrskurðarnefndinni sem og valdið til að ákveða afleiðingar þess,“ segir Reimar Pétursson, formaður Lögmannafélags Íslands. Hann bætir við að slíkt háttsemi sé svo alvarlegt brot að það hljóti að koma til álita að svipta menn réttindunum.

nadine@frettabladid.is



Beltone Legend™

Enn snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone Legend™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reyngu.





HEYRNARSTÖÐIN
Kringlunni · Sími 568 7777 · heyra.is

Þessi heyrnartæki er tilvalið til að nota með iPhone, iPad og iPod touch. Þú getur notað þetta heyrnartæki með öðrum Apple tölvum og öðrum tölvum. Beltone Legend™ er eitt af mörgum heyrnartækjum sem eru til á markaði. Þú getur fundið fleiri heyrnartækjum á www.heyra.is. © 2016 Beltone. All rights reserved.

BÓKHALDSNÁM OG TÆKNINÁM

GERÐU ÞIG AÐ VERÐMÆTARI STARFSMANNI



FRÆÐSLUSKÝIÐ

FJARKENNSLA
Í BEINNILÁNSHÆFT
NÁM

FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN

– frá byrjendum til sérfræðinga

L Sérlega áhugaverð og gagnleg tveggja anna námsbraut sem gerir miklar kröfur til nemenda. Þetta nám hentar þeim sem hafa áhuga á að skapa sér frama á upplýsingatæknisviði með kerfisstjórnun sem aðalgrein.



VIÐFANGSEFNI

Tölvuviðgerðir A+ • Network+ • CCNA • MCSA
• MS Office 365 + Azure • Verkefnadagar*

STÍGÐU ÞÍN FYRSTU SKREF Í TÆKNIHEIMINUM

Námið hentar byrjendum afar vel. Nemendur þurfa ekki að hafa reynslu eða aðra menntun á sviði upplýsingatækni þegar námið hefst.

ALÞJÓÐLEGAR PRÓFGRÁÐUR

Að námi loknu eiga nemendur möguleika á að öðlast 7 alþjóðlegar prófgráður sem er mikilvægt að hafa þegar sækja á um vinnu í upplýsingatæknigeiranum hvar sem er í heiminum.

ÚRVALSLIÐ KENNARA – LÆRÐU AF ÞEIM BESTU

Allir kennararnir eiga það sameiginlegt að búa yfir gríðarlega mikilli reynslu í upplýsingatækni og hafa þar að auki Microsoft Certified Trainer gráðu frá Microsoft. Enn frekar erum við stolt af því að hafa í kennaraliðinu þá einu tvo sem bera meistaragráðu frá Microsoft (Microsoft Certified Master) í Active Directory og Messaging.

STERK TENGING VIÐ ATVINNULÍFIÐ

Námsbrautin er unnin í samvinnu við nokkur af sterkustu tæknifyrirtækjum á íslenska markaðnum og má sem dæmi nefna Nýherja, Opin Kerfi, Advania og Sensa.

Hefst 29. og 30. ágúst 2016 • Lýkur í júní 2017

*Ath! Einnig hægt að bóka sig á stök námskeið.

AF HVERJU NÁM HJÁ PROMENNT?

- Persónuleg þjónusta og mikil aðstoð við nemendur.
- Náið samstarf við atvinnulífið.
- Mikill hluti nemenda Promennt hefur fengið ný starfstækifæri að loknu námi.
- Nemendur hafa val um staðkennslu og/eða fjarkennslu í beinni ásamt góðum stuðningi með Fræðsluskýinu sem inniheldur upptökur af völdum hlutum námskeiðanna.

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á promennt.is

NÁMSKYNNING OG RÁÐGJÖF

TÆKNINÁM
Miðvikudaginn
17. ágúst kl. 17:30

BÓKHALDSNÁM
Mánudaginn
22. ágúst kl. 18:00

FRAMABRAUT – VIÐURKENNDUR BÓKARI

L Markmiðið með þessari námsbraut er að nemendur öðlist þá hæfni sem þarf til að geta skarað fram úr í bókhaldsvinnu og verði vel undirbúnir fyrir próf til viðurkenningar bókara á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.



- Námið skiptist í sex hluta:
- Bókhald – grunnur
 - Bókaránám fyrir lengra komna
 - Skattskil einstaklinga með rekstur
 - Viðurkenndur bókari

Hefst 5. október • Lýkur í desember 2017

STÖK NÁMSKEIÐ

	HEFST	SKIPTI
Bókhald grunnur	5. okt.	22
Bókaránám fyrir lengra komna	15. sept.	24
Skattskil einstaklinga með rekstur	30. ág.	6



FJARKENNSLA

Þessar námsbrautir bjóðast bæði í stað- og fjarnámi. Fjarkennslan okkar fer fram í beinni útsendingu sem þýðir einfaldlega að þú getur tekið þátt í kennslustundinni algjörlega óháð staðsetningu. **Nú fá nemendur einnig upptökur af völdum hluta námskeiða með Fræðsluskýinu.**

PROMENNT



80% þátttakenda gátu borðað hnetur eftir meðferðina. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hnetuofnæmi læknað með ónæmismeðferð

HEILBRIGÐISMÁL Tekist hefur að lækna börn af hnetuofnæmi með ónæmismeðferð í Bandaríkjunum.

The Guardian greinir frá því að áttatíu prósent þeirra fjörtíu barna sem tóku þátt í rannsókninni hafi getað borðað hnetur eftir meðferðina. Börnin voru á aldrinum níu mánaða til þriggja ára.

Haft er eftir Marshall Plaut, hjá bresku ofnæmis- og smitsjúkdóma- stofnuninni, að rannsóknin sýni fram á virkni ónæmismeðferða til að lækna ung börn sem nýlega hafa verið greind með hnetuofnæmi.

Börnin sættu að meðaltali meðferð í tuttugu og níu mánuði. Vísindamenn við Norður-Karólínúháskóla munu áfram fylgjast með þeim til að meta langtímahrif meðferðarinnar. – sg

Barist við eldinn



Slökkvistarfi í Portúgal Skógar- og kjarreldar hafa geisad í Portúgal og á Spáni síðustu daga, meðal annars nærri landamærum þeirra við norðausturhluta Portúgals. Hér berjast slökkviliðsmenn hins vegar við skógareld í S. Pedro do Sul, í Víseu-héraði um miðbik Portúgals, í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Ferja sjúklinga milli bygginga spítalans

Annað af tveimur segulómtækjum Landspítala hefur ekki verið í notkun í ágúst. Sjúklingar eru á hverjum degi ferjaðir úr Fossvogi og á Hringbraut. „Tækið er í uppfærslu og verður sem nýtt,“ segir yfirlæknir myndgreiningardeildar. Mikil þörf sé á þriðja segulómtækinu.

HEILBRIGÐISMÁL Sjúklingar á Landspítala í Fossvogi sem hafa þarfnast myndgreiningarrannsókna hafa orðið fyrir miklum óþægindum í ágústmánuði.

Annað af tveimur segulómtækjum Landspítalans hefur ekki verið í notkun. Sjúklingana þarf því að ferja með sjúkrabílum til rannsókna á Landspítala við Hringbraut, af öllum deildum spítalans, einnig bráðadeild.

Pétur Hannesson, yfirlæknir myndgreiningardeildar, segir uppfærsluna vera tímafreka en nauðsynlega.

„Tækið er í uppfærslu og verður sem nýtt, það er í raun rifid í sundur og sett saman aftur. Uppfærslan tekur um mánuð,“ segir Pétur.

Segulómtækið á Landspítalanum í Fossvogi er níu ára gamalt og tækið við Hringbraut var keypt fyrir ellefu árum. Pétur segir að innan myndgreiningardeildar hafi verið unnið að því að uppfærslan gangi eins vel og kostur er á.

„Uppfærslan er nauðsynleg og var skipulögð langt fram í tímann. Við ákváðum að gera uppfærsluna á hásumartíma því þá er minna streymi af göngudeildarsjúklingum á spítalann. Okkur hafði einnig tekist að vinna niður biðlista í samarbýrjun og staðan var því ágæt,“ segir hann.

Pétur segir sjúkrabíla fara á hverjum degi á milli bygginga með sjúklinga til rannsókna. „Það eru farnar ferðir á sjúkrabílum á

2

segulómtæki eru í eigu Landspítalans, eitt níu ára og hitt ellefu ára. Uppfærsla á öðru segulómtækinu tekur um það bil mánuð.

hverjum degi frá Fossvogi á Hringbraut og svo aftur til baka. Það hefur vissulega nokkur óþægindi í för með sér fyrir sjúklinga, en tækið verður mjög líklega tilbúið í síðustu viku ágústmánaðar.“ Að



Sjúklingar á Landspítala Fossvogi sem þarfnast myndgreiningarrannsókna þurfa að fara í sjúkrabíl á Landspítala við Hringbraut. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

uppfærslunni lokinni segir Pétur tækið bæði verða öflugra og betra.

Segulómtækin verða, að sögn Péturs, bilanagjarnari með tímanum ef það er ekki eru gerðar á þeim uppfærslur.

„En þetta eru góð tæki sem duga mjög vel,“ itrekar hann og segir að eftir uppfærsluna á segulómtækinu á Landspítalanum við Hringbraut hafi verið lítið um bilanir.

Hann segir þó þörf á þriðja segulómtækinu. Tvö tæki séu ekki nóg og í nútíma læknavísindum reiði menn sig í auknum mæli á myndgreiningar.

„Við höfum þörf fyrir þriðja tækið því eftirspurn eftir myndgreiningum er meiri og meiri.“ kristjanabjorg@frettabladid.is

Fiskur vikunnar

15.-19. ágúst



Öll Langa, fersk og kryddlegin

★ 1.690 kr. kg.



Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | hafid@hafid.is | facebook

Nú er **SYNC II** samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu, **8" snertiskjá** og **Íslenskt leiðsögukerfi** einnig hluti af ríkulegum staðalbúnaði



NÝR FORD FOCUS

› Hinn sívinsæli Ford Focus er þekktur fyrir framúrskarandi gæði, frábæra aksturseiginleika og hagkvæmni í rekstri.

Staðalbúnaður Ford Focus er nú enn glæsilegri en áður. Má þar nefna SYNC II samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringinu í 112, íslenskt leiðsögukerfi og 8" snertiskjá.

Ford Focus kemur á 16" álfelgum og er þar að auki búinn Ford MyKey búnaði, upphitanlegri framrúðu, aksturstölvu, leðurklæddu stýrishjóli, loftkælingu, spólvörn, brekkuaðstoð og Ford Easy Fuel® búnaði.

**Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Focus
- komdu og prófaðu**

FORD FOCUS

BEINSKIPTUR

FRÁ **3.350.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR

FRÁ **3.550.000** KR.

FÁANLEGUR STATION FRÁ 3.510.000 KR.



ford.is



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Ný kynslóð Ford Focus státar af fjölmörgum tækninýjungum. Þar má nefna Torque Vectoring Control sem tryggir akstursánægju þína og endurbætta Bilastæðaaðstoð (aukabúnaður) sem nú leggur bæði í stæði sem eru samhliða og þvert á akstursstefnu. Ford Focus er búinn margverðlaunuðu EcoBoost vélinni sem hefur verið valin vél ársins (International Engine of the Year) þrjú ár í röð. ♦ Ford Focus, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur/sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,7/5,5 l/100 km. CO₂ losun 108/125 g/km. ♦ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Apple sagt með heilsutæki í smíðum

VIÐSKIPTI Forsvarsmenn Apple eru í viðræðum um þróun á heilsutæki, samkvæmt Business Insider.

Viðræður standa yfir vegna þróunar á nýju tæki sem getur mælt og safnað upplýsingum um hjartslátt, púls, blóðsykur og önnur heilsu-merki. Viðræður eru í gangi með framleiðendum á borð við TSMC, Foxconn, TPK, Zhen Ding Technology og fleirum. Búið er við að tækið verði sjálfstætt, en ekki hluti af snjallúrinu Apple Watch, og verður hugsanlega kynnt samtímis nýjum iPhone haustið 2017.

Sögusagnir eru um að Apple hafi verið að þróa skynjara sem geti



Tim Cook, forstjóri Apple

mælt blóðsykur frá því að áður en Apple Watch var sett á markað. Skynjararnir verða að geta mælt heilsuvísa án þess að nota blóð.

Ljóst er að framtíðaráform Apple hafa með heilsu að gera en fyrirtækið hefur ráðið fjölda lækna og hjúkrunarfræðinga sem starfa við rannsóknir hjá fyrirtækinu. –sg

Á annan tug ók of hratt


LÖGREGLUMÁL Lögregla á Suðurnesjum kærði á annan tug ökumanna fyrir of hraðan akstur í síðustu viku. Sá sem hraðast ók mældist á 139 kílómetra hraða á Reykjanesbraut þar sem hámarkshraði er 90 kílómetrar á klukkustund. „Þetta er í raun ekkert mjög mikið. Við höfum verið með miklu meira en þetta,“ segir Bjarney Annelsdóttir, aðalvarðstjóri hjá lögreglunni á Suðurnesjum.

Bjarney segir að um helmingur þeirra sem teknir voru síðustu daga fyrir of hraðan akstur hafi verið erlendir ferðamenn. „Við stöðvum

fleiri ferðamenn fyrir of hraðan akstur en áður en það er eðlilegt miðað við fjölgun þeirra.“

Þá voru þeir til viðbótar stöðvaðir vegna gruns um ölvunarakstur. Bjarney segir það háa tölu miðað við venjulega. Loks var ökumaður færður á lögreglustöð þar sem staðfest var að hann ók undir áhrifum fikniefna. Hann var einnig ökuréttindalaus.

Bjarney bætir við að flestir greiði sekt sína fyrir of hraðan akstur. „Ég myndi segja að um tíu til fimmtán prósent manna greiði ekki. Ferðamenn borga þó nánast alltaf.“ –ngy



Hákarlar verða allra hryggdýra elstir, samkvæmt nýrri rannsókn danskra vísindamanna. NORDICPHOTOS/AFP

Geta orðið allt að fimm hundruð ára gamlir

Danskir vísindamenn hafa nú fundið leið til að greina aldur hákarla. Í ljós hefur komið að þeir elstu gætu hafa fæðst um svipað leyti og Kólumbus rambaði á Ameríku árið 1492, eða í síðasta lagi á tímum frönsku byltingarinnar árið 1789.

VISINDI Hákarlar geta orðið 300 til 500 ára gamlir. Þetta fullyrða danskir vísindamenn sem hafa gert rannsóknir á 28 hákørlum.

Sá elsti reyndist vera um það bil 392 ára gamall, en skekkjumörkin eru reyndar töluverð: 120 ár, þannig að þessi hákarl gæti verið í mesta lagi 512 ára en þó ekki yngri en 272 ára.

Það þýðir að hann kom í heimin einhvern tímann á árabílinu 1492 til 1789.

Meira en hálf öld er liðin frá því vísindamenn áttuðu sig á því að hákarlar vaxa aðeins um örfáa sentimetra á ári, eða jafnvel vel innan við sentimetra. Það var danski sjávarlíf-fræðingurinn Paul Marinus Hansen sem benti fyrstur á þetta.

Auk þess hefur lengi verið þekkt að þeir verða háaldraðir. Fáar ef nokkrar dýrategundir verða eldri. Til þessa hafði samt engum tekist að finna nothæfa leið til að greina aldur þeirra.

Sitthvað um hákarla

- Geta orðið fimm metra langir og eitt tonn að þyngd.
- Verða kynþroska um 150 ára gamlir.
- Lifa í Norður-Íshafinu.

Því að greina magn C-14 kolefnis, sem er geislavirkt og klofnar með tímanum.

Lausnin fannst þegar Nielsen og félagar prófuðu að beita þessari aðferð á augnasteina hákarlanna, með svipuðum hætti og áður hefur verið gert til að aldursgreina hvali.

Rétt eins og fiskar halda hákarlar áfram að vaxa alla ævina, mest reyndar fyrst en svo hægist smám saman á vextinum. Þeir verða allt að fimm metra langir og geta orðið eitt tonn að þyngd. Augasteinar hákarls breytast hins vegar lítið eftir fæðinguna og því er hægt að beita geislakolsaðferðinni á þá.

Þar nýttust vísindamönnum líka tilraunir með kjarnorkusprengringar, sem gerðar voru á sjötta áratugnum. Þær skildu eftir sig mikið magn af C-14 kolefni, þannig að sjá mátti hvort hákarlarnir voru fæddir fyrir eða eftir þessar kjarnorkutilraunir. gudsteinn@frettabladid.is

Tjakkar á góðu verði



EP Palletu-tjakkur
2 tonna lyftigeta
38.900

með PU hjólum kr 39.900

Galvaniseraður tjakkur
77.990

Rafmagnstjakkur 1,5 tonn verð frá
239.900 m.vsk

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ



MURBUDIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Fitulítill og próteinrík...

... og passar með öllu



www.ms.is



48 TÍMA TILBOÐ

RÝMUM FYRIR NÝJUM FERÐUM!

HEFST
MÁNUDAGINN
15. ÁGÚST
KL. 9

NÁNAR Á
UU.IS

STÖKKTU Á
MORGUN

MALLORCA



Alcudia
SOL ALCUDIA CENTER ★★★
Skemmtidagskrá Fæði Strönd 150 m

VERÐ FRÁ **79.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fulloröna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. 16.–23. ágúst. Verð á mann m.v. 2 fulloröna 117.900 kr.

Góðar íbúðir með 1 svefnherbergi eða stúdíó íbúðir. Skemmtilegur sundlaugagarður og boðið upp á fjölbreytta skemmtidagskrá á kvöldin fyrir fulloröna og börn.

KANARÍ



Enska ströndin
LOS ARCOS ★★
Fæði Strönd 150 m

VERÐ FRÁ **59.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fulloröna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. 17.–24. ágúst. Verð á mann m.v. 2 fulloröna 66.900 kr.

Bungalow gisting í 10 mín. fjartægð frá Yumbo Centrum. Sundlaug með sólbaðsaðstöðu, veitingastað og bar. 18 holu mini-golfvöllur og leiksvæði með borðtennis.

ALBÍR



Albír
ALBIR PLAYA ★★★★
Skemmtidagskrá Fæði Strönd 1 km

VERÐ FRÁ **79.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fulloröna og 2 börn í tvíþýli með morgunverði. 19.–26. ágúst. Verð á mann m.v. 2 fulloröna 105.900 kr.

Mjög gott, nútímalegt og barnvænt hótél. Líf og fjör jafnt á daginn sem á kvöldin með fjölbreyttri dagskrá. Hægt er að kaupa hálf eða fullt fæði.

TENERIFE



Play de las Americas
PALM BEACH ★★★
Skemmtidagskrá Fæði Við strönd

VERÐ FRÁ **64.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fulloröna og 2 börn í stúdíóíbúð. 20.–27. ágúst. Verð á mann m.v. 2 fulloröna 112.900 kr.

Vel staðsett íbúðagisting við ströndina. Barir, veitingastaðir og verslunarmiðstöðvar í grenndinni. Sundlaugagarðurinn er einfaldur og smekklegur.

HÁLFT
FÆÐI

ALMERÍA



Roquetas de Mar
BEST SABINAL ★★★★
Skemmtidagskrá Fæði Við strönd

VERÐ FRÁ **89.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fulloröna og 2 börn í tvíþýli með sjávarsýn og hálfu fæði. 18.–25. ágúst. Verð á mann m.v. 2 fulloröna 124.900 kr.

Vinsælt hótél í hjarta bæjarins. Staðsett alveg við ströndina í Roquetas de Mar. Góð herbergi, hægt að fá sjávarsýn gegn gjaldi. Hálf fæði eða allt innifalið í boði.

MALLORCA



Santa Ponsa
VISTA CLUB ★★★
Fæði Strönd 150 m

VERÐ FRÁ **69.900 KR.***
*á mann m.v. 2 fulloröna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. 23.–30. ágúst. Verð á mann m.v. 2 fulloröna 95.900 kr.

Góðar íbúðir við Santa Ponsa ströndina um 300 metra frá miðbæ Santa Ponsa. Verslanir, kaffihús og veitingastaðir eru í göngufæri.

FLEIRI VERÐÆMI Á TILBOÐI

MALLORCA: 30. ÁGÚST — VERÐ FRÁ 69.900 KR. **KANARÍ:** 24. & 31. ÁGÚST — VERÐ FRÁ 49.900 KR. **ALMERÍA:** 25. ÁGÚST — VERÐ FRÁ 59.900 KR.
ALICANTE, ALBÍR & BENIDORM: 16., 23, 26 & 30. ÁGÚST — VERÐ FRÁ 69.900 KR. **TENERIFE:** 27. ÁGÚST — VERÐ FRÁ 79.900 KR.

Fyrirmyndir sem sameina



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Sundkonurnar Eygló Ósk Gústafsdóttir og Hrafnhildur Lúthersdóttir eru að sönnu hetjur okkar Íslendinga á Ólympíuleikunum í Ríó þar sem þær náðu báðar frábærum árangri. Að baki liggur gríðarleg vinna, einbeintni og vilji til þess að ná árangri í íþrótt sem krefst mikils. Það er mikilvægt að hafa í huga að keppinautar þeirra Eyglóar og Hrafnhildar koma almennt frá stórþjóðum og njóta mikilla fjárhaglegra styrkja, aðbúnaðar og stuðnings við æfingar sem og keppni. Þetta er íþróttafólk í fremstu röð sem er í raun atvinnumenn í sinni grein vegna þessa að samfélögin eru fjölmenn og sjá fjármunum sínum vel borgið í stuðningi við íþróttafólk í fremstu röð.

Það kostar tíma og peninga að komast í fremstu röð í íþróttagrein á borð við sund. En stuðningurinn við íslenskt íþróttafólk hefur í árána rás verið takmarkaður og greinarnar margar hverjar þurft að treysta á stuðning aðstandenda, einstaklinga og fyrirtækja til þess að styðja við sitt fólk af veikum mætti. Íslenskt einstaklingsíþróttafólk á borð við Eygló og Hrafnhildi hefur í gegnum árin staðið höllum fæti gagnvart keppinautum sínum af þessum sökum. Það margfaldar svo sannarlega afrek þessara glæsilegu íþróttakvenna. En jafnframt hljótum við að velja því fyrir okkur hversu langt þær og kollegar þeirra gætu náð með betri stuðningi samfélagsins.

Fjórðöldun stuðnings ríkisins við afreksíþróttir á Íslandi á næstu fjórum árum eru því gleðileg tíðindi. Tíðindi sem vonandi marka ákveðna breytingu á hugarfari okkar gagnvart afreksíþróttum og reyndar einnig öðrum verkefnum sem þarfnast stuðnings til þess að blómstra og fela í sér að geta verið samfélaginu hvatning, ungum sem öldnum til fyrirmyndar og gleði og öllum til góðs.

Góðar fyrirmyndir á borð við Eygló og Hrafnhildi eru samfélaginu gríðarlega mikilvægar. Í fornfýsi þeirra, vinnusemi og árangri er fölginn hvatning til okkar hinna. Ekki síst til yngri kynslóðarinnar sem vonandi mun alltaf láta sig dreyma stóra drauma og sér í þessum fyrirmyndum hvað er hægt að afreka með vinnusemi og fornfýsi. Það er því óhætt að segja að samfélagið sé í þakarskuld við þessar ungu konur sem aldrei krefjast neins heldur hafa ávallt sinnt sínu af brennandi ástríðu, hafa sýnt okkur hvernig draumar geta ræst og eru vonandi hvergi nærri hætta á vegferð sinni til frekari afreka.

Það er því vonandi að afrekssjóður ÍSÍ muni láta þessar frábæru íþróttakonur njóta í framtíðinni margfalt betri fjárhagslegs stuðning en verið hefur. Það er nefnilega nauðsynlegt fyrir þjóð sem virðist oftast en ekki eiga erfitt með að koma sér saman um nokkurn skapaðan hlut að eiga fyrirmyndir sem sameina. Fyrirmyndir sem gefa okkur trú á möguleika okkar og sjálfs-traust í hverju því sem hugur okkar stendur til og láta draumana rætast. Hafi þær báðar bestu þakkir fyrir.



Það er nefnilega nauðsynlegt fyrir þjóð sem virðist oftast en ekki eiga erfitt með að koma sér saman um nokkurn skapaðan hlut að eiga fyrirmyndir sem sameina.



Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágæða flisum

Flisabúðin

Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

Halldór



Frá degi til dags

Óvæntur liðsauki

Stjórnarandstaðan fékk óvæntan liðsauka í Vigdís Hauksdóttur, þingmanni Framsóknarflokksins og formanni fjárlaganefndar, í gær þegar hún lagði það til að slíta þingi strax í dag og kjósa eins fljótt og auðið er. Helst innan sex vikna. „Þetta segi ég til að hlifa landsmönnum við bulli, vitleysu og firru sem verður annars næstu vikurnar,“ sagði Vigdís á Facebook-síðu sinni. Vigdís gefur ekki kost á sér til áframhaldandi þingsetu. Þó að margt megi gagnrýna í störfum þingmannsins þá verður ekki af Vigdís tekið að hún er alls óhrædd við að segja það sem sér býr í brjósti. Þó að það komi samflokksmönnum hennar illa, þá segir henni enginn að þegja.

Að þegja eða ekki

„Enginn skyldi bera harm sinn í hljóði heldur koma honum á framfæri,“ sagði Ottar Guðmundsson geðlæknir í kaldhæðnum tón í Bakþönkum Fréttablaðsins um helgina og vísar í Íslendingasögurnar. Séra Hildur Eir Bolladóttir er honum ósammála. „Sú grunn-tilfinning sem flestir geðlæknar og sálfræðingar eru að vinna með hjá fólki er þessi djúpstæða skömm sem þrífst best í þögn eins og myglusveppur í fínu þaki. En hvað veit ég andspenis miðaldra, miðalda manni?“ sagði hún á Facebook-síðu sinni. kristjanabjörg@frettabladid.

Byggjum upp saman



Katrín Jakobsdóttir
formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs

Þing kemur saman að loknu sumarleyfi í dag. Staðfest hefur verið að margbodaðar haustkosningar verða haldnar 29. október næstkomandi og þá fær þjóðin tækifæri til að velja á ný þingmenn til verka. Þinghaldið fram undan mun að einhverju leyti mótast af þeim málum sem þær kosningar munu snúast um.

Ríkisstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks forgangsraðaði frá fyrsta degi því að draga úr álögum á best stæðu hópa samfélagsins. Lækkun veiðigjalda á stórutgerðina var eitt af fyrstu verkum ríkisstjórnarinnar og haldið hefur verið áfram á sömu braut, ákveðið var að framlengja ekki auðlegðarskatt og orkuskatt en um leið var virðisaukaskattur á mat og menningu hækkaður.

Barnabætur og vaxtabætur hafa verið skertar, tillögur stjórnarandstöðunnar um að eldri borgarar og öryrkjar fengu kjarabætur við fjárlagagerð síðasta árs voru felldar. Þringt hefur verið að aðgangi fullorðins fólks að menntakerfinu. Í ríkisfjármálaáætlun núverandi ríkisstjórnar er ekki gert ráð fyrir neinni raunverulegri uppbyggingu í framhaldsskólum og háskólum. Sama má segja um ýmsa innviði sem ekki hefur verið hlúð að sem skyldi en eru bráðnauðsynlegir bæði í samfélagslegu og efnahagslegu tilliti. Aukinn einkarekstur í heilbrigðiskerfinu er veruleiki eftir útboð á þremur nýjum heilsugæslustöðvum. Þingmenn og ráðherrar Sjálfstæðisflokksins tala fyrir einkarekstri vegna og flugvallar.

Um allan heim er almenningur að andmæla stefnu á borð við þá sem núverandi ríkisstjórn rekur því að hún ýtir undir auðsöfnun fátta á kostnað hinna mörgu. Hún ýtir undir það að gæði í almannaeigu færast á hendur fátta, hvort sem um er að ræða fiskinn í sjónum, heilbrigðisþjónustu eða vegakerfi. Hún ýtir undir aukinn ójöfnuð á tímum þar sem við eigum einmitt að vera að byggja upp fyrir heildina eftir kreppuna 2008.

Kosningarnar fram undan munu snúast um þessa valkosti. Samfélög þar sem rekin eru öflug velferðarkerfi, þar sem hlúð er að ríðkvæmstu hópum samfélagsins, þar sem stjórnvöld sinna því hlutverki sínu að beita skattkerfinu til að jafna tekjur fólks og þar sem almenningur tekur raunverulegan þátt í ákvarðanatöku eru þau samfélög sem vegnar best. Þannig samfélag viljum við í Vinstrihreyfingunni – grænu framboði taka þátt í að byggja saman.



Aukinn einkarekstur í heilbrigðiskerfinu er veruleiki eftir útboð á þremur nýjum heilsugæslustöðvum.

Þjóðviljinn – er hann til?

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur

Eru þjóðaratkvæðagreiðslur um hvaðeina það sem koma skal? Er þær æskilegar? Er beint lýðræði betri kostur en fulltrúa-lýðræði?

Svarið við þessum spurningum virðist blasa við: Þrisvar sinnum já. Stjórn-málamaður og stjórnmálaskýrendur ganga yfirleitt út frá því að þróunin verði í átt að beinu lýðræði, enda sé það æskilegt, því að fólk eigi að taka sem flestar ákvarðanir sjálft um hluti sem varða nærumhverfi þess. Maður heyrir oftara talað um slík markmið í sam-bandinu við nýja stjórnarskrá en jöfnun atkvæðisréttar, sem furðu fáar af opin-berum skrafskjóðum landsmanna hafa sýnt teljandi áhuga á, þó að þar sé nú eiginlega um að ræða grundvallarfor-sendu þess að hér geti þrífist heilbriggt fulltrúalýðræði sem standi undir nafni og hugmyndin um Ísland sem vöggu þingræðis í heiminum verði eitthvað annað en lundabúðaskrum.

Brexit

Úrslit Brexit-kosninganna í Bretlandi hafa orðið til þess að tvær grímur hafa runnið á suma um að einföld þjóðar-atkvæðagreiðsla hljóti sjálfkrafa að leiða ævinlega til viturlegrar niður-stöðu í flóknum úrlausnarefnum. Þar tóku 38% ungs fólks þátt í ákvörðun sem varðar framtíð þess meira en gamla fólksins sem streymdi á kjörstað til þess að koma á framfæri óánægju sinni með að hafa „útlendinga“ sem nággranna, en uppsker fyrir vikið að geta ekki lengur verið langdvölum á Spáni sjálft – og hafði enginn alveg hugsað út í það, eða yfirleitt aðrar afleiðingar þeirrar ákvörðunar að greiða útgöngu atkvæði.

Pundið hriðfelltur, fjárfestar forða sér, atvinnulíf dregst saman, óvissa eykst á öllum sviðum og upplausn blasir við. Og svo hefjast samningaviðræður við harðdræga samningamenn ESB sem væntanlega hafa lítinn áhuga á því að verðlauna Breta fyrir brotthlaupið og skapa fordæmi fyrir aðrar þjóðir um að hagkvæmara sé að standa utan sam-bandsins en vera með í því.

Þessi atkvæðagreiðsla er dæmi um það sem kann að gerast þegar lögd er einföld spurning – já eða nei – um flókin úrlausnarefni fyrir tiltekið mengi manna sem greiða síðan atkvæði sitt út frá öllum mögulegum prinsippum og sjónarmiðum – margt fólk eflaust undir áhrifum frá því að ESB hefur verið til-valinn blóraböggull stjórnmálamanna í héraði þegar kemur að því að varpa af sér ábyrgð á östjórn.

En hver veit? Kannski mun niður-staðan að lokum leiða til farsældar fyrir land og lýð í Englandi. Og kannski ná þeir góðum samningum að sviss-neskum hætti við ESB og treysta böndin við þau lönd sem þeim finnst þeir enn tengjast sterkari menningarlegum og sögulegum böndum en meginlands-búum Evrópu – fyrrum nýlendur sínar víða um heim. Þetta kemur allt í ljós, en lítur óneitanlega heldur verr út en látið var í veðri vaka af útgöngusinum fyrir kosningar, eða kjósendur gerðu sér almennt grein fyrir að kynni að gerast. Eftir stendur spurningin, sem okkur varðar: Er þjóðaratkvæðagreiðsla góð leið til að leiða slík mál til lykta?

Hvaða skepna er þessi þjóð?

Einhver kynni að segja: kannski leiðir þjóðaratkvæðagreiðsla ekki alltaf til



Þjóð er ekki einhvers konar æðri vera sem líkamast bara á stundum eins og þjóðaratkvæðagreiðslum og sérstökum fundum. Hún er net og samfélag ólíkra hópa þar sem við veljum okkur fulltrúa til að setja sig inn í flókin úrlausnarefni fyrir okkar hönd og í anda þeirra lífs-viðhorfa sem við teljum okkur deila með þessum fulltrúum. Viki þeir frá því kjósum við aðra.

góðrar eða farsællar niðurstöðu – en hún leiðir samt alltaf til réttar niður-stöðu, því að það er alltaf rétt að láta þjóðina ráða því hvert hún vill stefna. Erfitt að andmæla því – en þó má spyrja: Er þjóð einhvers konar lífvera með sinn sérstaka vilja? Eða er þjóð kannski hentugt nafn yfir tiltekið mengi fólks með sitthvað sameiginlegt sem við skilgreinum hæfilega losara-lega til að greiða fólk leið inn í það og út úr því? Og áfram má spyrja: Þegar rúmt 51 prósent skráðra kjósenda segir A en rúm 48 prósent skráðra kjósenda segja B í atkvæðagreiðslu þar sem þátttaka er rúm 70% – hefur þá þjóðin alveg áreiðanlega sagt A? Á hópurnum

sem sagði B þá þar með bara að fallast á A? Með öðrum orðum: á einfaldur meirihluti, hversu naumur sem hann er, að taka ákvarðanir sem varða jafn mikið líf og heill minnihlutans? Eða á að reyna að sjá til þess að hagsmuna minnihlutans sé líka gætt?

Á meirihluti fólks að taka ákvarð-anir um réttindi minnihluta hóps? Fáránleg spurning: Mætti hugsa sér þá niðurstöðu í þjóðaratkvæðagreiðslu að banna örvhentu fólk að nota vinstri höndina, að viðlögðum refsingum? Auðvitað ekki: mannréttindi eru algild og við fæðumst öll til þeirra.

En þjóð – hvað var það nú aftur? Þetta er flókið net alls konar tengsla og vensla og sameiginlegrar reynslu – og sérreynslu. Það er ekki langt síðan Íslendingarildu frekar tengja sig við tiltekna bæi og landshluta en þjóð-ernið sem sagði þeim ósköp lítið. Það að vera Íslendingur er fremur ákvörðun en áskapað hlutskipti. Þetta er bara orð sem við notum um samfélag okkar. Þjóð er ekki einhvers konar æðri vera sem líkamast bara á stundum eins og þjóðaratkvæðagreiðslum og sérstökum fundum. Hún er net og samfélag ólíkra hópa þar sem við veljum okkur fulltrúa til að setja sig inn í flókin úrlausnar-efni fyrir okkar hönd og í anda þeirra lífsviðhorfa sem við teljum okkur deila með þessum fulltrúum. Viki þeir frá því kjósum við aðra. Þeir eru ekki skaffarar og reddarar heldur eiga að starfa með hagsmunum heildarinnar að leiðarljósi.

Þjóðir hafa ekki einn vilja, eina þrá, eina sýn. Ákvarðanir sem varða þjóðir þurfa alltaf að lúta alls konar málamið- unum og samningum og vera sífellt til endurskoðunar.

INTERSPORT AKUREYRI / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 17. SUN. 13 - 17.

INTERSPORT SELFOSSI / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

SPORT TO THE PEOPLE

INTERSPORT®

FRÉTTABLAÐIÐ
SPORTIngvi Þór
Sæmundsson
ingvithor@365.is

FÓTBOLTI Sigurður Egill Lárusson gleymir bikarúrslitaleiknum 2016 eflaust ekki í bráð en hann skoraði bæði mörk Vals í öruggum 2-0 sigri.

Valsmenn, sem áttu titil að verja, mættu Eyjamönnum í úrslitaleiknum á laugardaginn og kláruðu leikinn á fyrstu 20 mínútunum.

Eyjamenn réðu ekkert við vel útfærða pressu Valsmanna og vörn ÍBV átti í stökustu vandræðum með hreyfanlega sóknarmann Vals.

„Við byrjuðum leikinn mjög vel og það var gott að fá markið svona snemma. Það minnkaði skrekkin í liðinu og svo höfðum við kannski reynsluna fram yfir ÍBV,“ sagði Sigurður í samtali við Fréttablaðið í gær.

Hann kom Val yfir strax á 8. mínútu þegar hann tók boltann skemmtilega með sér fram hjá Jonathan Barden, hægri bakverði ÍBV, lék á markvörðinn Derby Carillo og renndi svo boltanum í autt markið.

„Þetta var svolítið skemmtileg snerting,“ sagði Sigurður sem hefur verið duglegur að æfa hreyfingar sem þessar.

„Við förum alltaf fyrir æfingar og sendum langar sendingar og æfum svona „Berbatov touch“, að drepa boltann. Það er greinilega að skila sér,“ sagði Sigurður og bætti því við að hann væri nú sennilega aðeins sneggri en Búlgarinn eiturvali.

Seinna mark Sigurðar kom eftir 20 mínútna leik og var sömuleiðis í laglegri kantinum. Sigurður rak þá smíðshögg á góða sókn Valsmanna sem voru miklu sterkari aðilinn í fyrri hálfleik.

„Þetta var ótrúlega flott sókn og það eru



Valsmenn fögnuðu ellefta bikarmeistaratitlinum í sögu félagsins eftir sigur á Eyjamönnum. MYND/HAFLIDI BREIDFJÖRD

Snerting að hætti Dimitars Berbatov

Sigurður Egill Lárusson var hetja Vals í bikarúrslitaleiknum gegn ÍBV. Sigurður skoraði bæði mörk Valsmanna sem unnu sannfærandi sigur. Bikarhetjan er sanningslaus eftir tímabilið og opin fyrir öllu í framtíðinni.

● ● Ég skoða bara allt sem er í boði. Mig langar og ég hef metnað til að komast út.

Sigurður Egill Lárusson

Valsmönnum hefði tekist að klára leikinn, nokkuð sem hefur stundum vantað í sumar.

„Við höfum nokkrum sinnum verið 2-1 yfir í sumar en fengið á okkur jöfnunarmark, þannig að við ætludum bara að vera þéttir til baka. Þetta var kannski ekki skemmtilegasti seinni hálfleikurinn en við vorum agaðir og ætludum að halda þetta út,“ sagði Sigurður.

Valur varð sem áður sagði bikarmeistari í fyrri 2-0 sigri á KR í úrslitaleik. Þá gáfu Valsmenn hins vegar hressilega eftir og náðu aðeins í níu stig í síðustu sjö leikjum sínum í Pepsi-deildinni. Sigurður segir að Valsmenn ætli ekki að láta það koma fyrir aftur.

„Það er alveg klárt. Við ætlum klár-

lega að gera betur og enda eins ofarlega og hægt er,“ sagði Sigurður en Valur situr í 6. sæti Pepsi-deildarinnar. Næsti leikur Valsmanna er gegn Víkingi R., uppeldisfélagi Sigurðar.

Sigurður verður sanningslaus eftir tímabilið og það er því óhætt að segja að hann hafi styrkt sanningsstöðu sína með mörkunum tveimur í bikarúrslitaleiknum. Hann ætlar að halda öllum möguleikum opnum og segir að draumurinn sé að komast í atvinnumennsku.

„Ég skoða bara allt eftir tímabilið og hvað er í boði,“ sagði Sigurður. „Mig langar og ég hef metnað til að komast út. Ég vinn að því og hef lagt aukalega á mig, sérstaklega síðustu tvö ár, og mér finnst það vera að skila sér.“

fá lið sem eiga möguleika gegn okkur þegar við eigum góðan dag,“ sagði Sigurður. Hann kvaðst ánægður með að



Mánudag 15. ágúst kl. 20.00

SAMSUNG völlurinn í Garðabæ



STJARNAN – KR



Allir á völinn!
EINN AF
LYKILLEIKJUM
ÁRSINS!

PEPSI-DEILDIN

Phelps kvaddi með gulli

SUND Sundkappinn Michael Phelps lauk ferli sínum á Ólympíuleikunum þegar hann hrósaði sigri í 4x100 metra fjórsundi með sveit Bandaríkjanna í Ríó.

Þetta voru 23. gullverðlaunin sem Phelps vinnur til á ÓL en hann er langsigursælasti íþróttamaðurinn í sögu þeirra. Phelps vann til fimm gullverðlauna á ÓL í Ríó sem verða hans síðustu á ferlinum.



Nýjast

Enska úrvalsdeildin

Hull City	2-1	Leicester
Crystal Palace	0-1	West Brom
Burnley	0-1	Swansea
Everton	1-1	Tottenham
Boro	1-1	Stoke City
Southampton	1-1	Watford
Man City	2-1	Sunderland
Bournemouth	1-3	Man Utd
Arsenal	3-4	Liverpool

Efst		Neðst	
Man Utd	3	Leicester	0
Liverpool	3	Sunderland	0
Man City	3	Burnley	0
Hull	3	Crystal Palace	0
West Brom	3	Bournemouth	0

Hvað gerðu Gylfi og Jóhann Berg?

Gylfi Þór Sigurðsson og Jóhann Berg Guðmundsson byrjuðu báðir á bekknum þegar Swansea vann 0-1 sigur á Burnley. Þeir komu báðir inn á sem varamenn í seinni hálfleik.

Stærstu úrslitin

Stjórsláust og meiðslum hrjád lið Hull gerði sér lítið fyrir og vann Englandsmestara Leicester.

Hetjan Philippe Coutinho skoraði tvennu þegar Liverpool vann 3-4 sigur á Arsenal í frábærum leik. Fyrra markið var sérlega glæsilegt, með skoti beint úr aukaspyrnu.

Kom á óvart Ákvörðun Peps Guardiola að setja Joe Hart, landsliðsmarkvörð Englands, á bekkinn í fyrsta keppnisleik sínum sem stjóri Manchester City. Hart hefur verið einn af lykilmönnum City undanfarin ár en það gæti breyst. Um helgina bárust fregnir af því að City hefði áhuga á Claudio Bravo, markverði Barcelona og síleska landsliðsins.



Borgunarbikar karla, úrslitaleikur

Valur - ÍBV 2-0

1-0 Sigurður Egill Lárusson (8.), 2-0 Sigurður Egill (20).

